

25

9. gr.

16. júní

Ríkisstjóri ber eigi ábyrgð á stjórnarathöfnum. Hann verður eigi sóttur til refsingar nema með samþykki Alþingis.

10. gr.

Ríkisstjóri hefur aðsetur í Reykjavík eða næsta nágrenni.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1941.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

26

L Ö G

27. júní

um breyting á lögum nr. 65 19. júní 1933, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Fulltrúar utanríkismálaráðuneytisins erlendis skulu gera sér far um að fylgjast sem bezt með sóttarfarei, hver í sínu umdæmi, og vera við því búinir að gefa skipstjórnun, er sigla vilja til Íslands, leiðbeiningar þar að lútandi. Þeir skulu og tilkynna utanríkismálaráðuneytinu tafarlaust, ef upp koma eða yfirvofandi má telja, að upp komi í umdæmi þeirra erlendar sóttir, og láta það síðan jafnan fylgjast með gangi þeirra. Sama gildir um hvers konar aðra næma sjúkdóma, ef þeir gerast óvenjulega útbreiddir eða illkynjaðir, eða ráðuneytið óskar sérstaklega fregna af þeim.

2. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Um umbúnað líka, sem flutt eru inn í landið, fer eftir reglum um flutning líka, sem settar verða samkvæmt lögum um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, nema sérstaklega heyri undir ákvæði þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.